

SKÁTABLAÐIÐ SÓLSTAFIR

DAGLEGAR FRÉTTIR AF LANDSMÓTI SKÁTA

DAILY NEWS FROM THE ICELANDIC NATIONAL JAMBOREE



Var vindur í gær? Sennilega heldur hann áfram að minna okkur á lífskraftinn sem er hér á mótinu. Annar dagur, annað tækifæri til að prófa nýja dagskrá og í kvöld gefst félögunum tækifæri til þess að þétta raðirnar og kynna nýjum vinafélögum. Hvað ætlar þitt félag að leggja af mörkum? Torgavarðeldurinn verður ein af þeim ógleymanlegu stundum sem við munum geyma með okkur um aldur og ævi. Hér í blaðinu höfum við falið varðeld á sex mismunandi stöðum. Getur þú fundið þá alla?


Was there wind yesterday? It will likely continue, to remind us of the good spirit that is here at the Jamboree. Another day, another opportunity to try out new activities and tonight the scout groups have the opportunity to tighten their ranks and meet new friends. What will your scout group contribute? The campfire will be one of those unforgettable moments that we will keep with us forever. We have hidden campfires in six different places here in the newspaper. Can you find them all?

Til að senda inn tilkynningu eða efni í blaðið getur þú eða foringinn þinn skannað kóðann. Þín hugmynd gæti orðið fyrir valinu!



To send an announcement or content to the paper you or your leader can scan the QR code. Your idea might be chosen!

Tune in to FM 105.5, listen in the "Spilarinn" app or on spilarinn.is



Hlustaðu á FM 105.5, í „Spilarinn“ appinu eða á spilarinn.is

Hvenær er kakó heitt súkkulaði?

When is cacao actually hot chocolate?



Kópar sigruðu hina æsispennandi kakókeppni landsmóts
Ritstjórn Sólstafa fór á stúfana og reyndi að fá hina fullkomnu uppskrift fyrir okkar dyggu lesendur.
Jóhanna Björg Másdóttir, félagsforingir Kópa segir að uppskriftin sé „slatti af hinu og slatti af þessu með smá appelsínubragði“. Ljóst er að erfitt gæti reynst að fylgja þeirri uppskrift og því hvetjum við ykkur til þess að halda áfram að reyna eða kíkja inn í tjaldbúð Kópa og fylgjast með þeim við næstu kakógerð.

Kópar won the thrilling cocoa competition
The editorial team of Sólstafir went out and about, trying to get the perfect recipe for our loyal readers.
Jóhanna Björg Másdóttir, troop leader of Kópa, says the recipe is "a bit of this and a bit of that, with a little hint of orange flavor." It's clear that this recipe might be tricky to follow, so we encourage you to keep trying, or to stop by Kópa's campsite and watch them the next time they make cacao.

Ýmsir þátttakendur mótsins hafa velt því fyrir sér **hvenær kakó er orðið heitt súkkulaði**. Við ákáðum að spyrja eina sérfróða kakógerðarkonu sem sagði að svarið væri einfalt: „Bara þegar það er súkkulaði í því?...“ - Hulda Lárusdóttir, viðburðasérfræðingur BÍS. Nú má velta því fyrir sér hvort að súkkulaði hafi leynst í kakói sumra félaga í gær en úr því verður ekki skorið nema með ítarlegri rannsóknarvinnu.



Various participants at the gathering have been pondering **when cocoa actually becomes hot chocolate**. We decided to ask one particularly knowledgeable cacao-maker, who said the answer was simple: "Only when there's chocolate in it?...“ — Hulda Lárusdóttir, event specialist at BÍS. Now, one might wonder whether chocolate was actually hidden in some troops' cacao yesterday — though that can only be settled with more thorough investigative work.



Innsending Submission

Vissir þú að það er hægt að senda ritstjórn efni í blaðið? Áhugasömum er bent á QR-kóðann á forsiðunni. Ritstjórn barst þessi dásamlega loftmynd af svæðinu frá honum Reyni Frey Péturssyni í Kópum.
Did you know you can submit content to the editorial team? If you are interested, check out the QR code on the front page. The editorial team received this wonderful aerial photo of the area from Reynir Freyr Pétursson.

Smáauglýsingar Yellow pages

Skjólíð - Listening ear

Of mikið í gangi? Leitaðu Skjóls, littu við hjá okkur til að endurhlaða orkuna þína eða ef þér liggur eitthvað á hjarta. Opið 9-23.
• Skjólíð fyrir börn og ungmenni: í rjóðrinu milli svæða 13 og 14
• Skjólíð 18+: fylgdu stignum milli sviðsins og svæðis 16
☎ 850-1439
Everything a bit too much? Visit a Listening Ear to recharge or seek support. Open 9am-11pm.
• **Listening Ear Youth: in the clearing between camps 13 and 14**
• **Listening Ear 18+: follow the path between the stage and camp 16**
☎ +354 850 1439

Óskilamunir - Lost and found

Hefur þú týnt símanum þínum, skátaklútnum, teygunum eða kakó bollanum? Óskilamuni má finna í Upplýsingatjaldinu í Miðbænum.
Have you lost your phone, scarf, sandals or cacao mug? The lost and found is in the Information tent in the Main Square.

Fjaðarpenninn - The quill pen

Hefur þú gaman af ljóðum og smásögum? Fjaðarpenninn er safn ljóða og smásagna eftir íslenska skáta! Skannaðu QR kóðann til að lesa.
Do you want to read Icelandic poems and short stories written by Icelandic scouts? Scan the QR code and read Fjaðarpenninn.



Hefur þú fundið gullflösku?


Have you found a golden bottle?
Getur þú fundið allar 16 gullflöskurnar sem dósaskrímslið faldi á mótsvæðinu? Vinningar í boði. Fáðu þátttökuseðil í alþjóðatjaldinu. Sigurvegarar verða tilkynntir í upplýsingatjaldinu á hverjum degi.
Find all the 16 golden bottles hidden around the campsite and win a prize. Get a participation ticket in the international tent. Winners will be announced in the information tent.

Vertu kind! - Be a sheep!

Ert þú að taka þátt í Heimskindaleiknum? Kíktu á blaðsíðu 35 í mótsbókinni þinni!
Are you participating in the World Sheep Game? Check out page 35 in the Jamboree handbook!



Óskilag í útvarpið?



Bergur, 15
Montero
Lil Nas X

Árbúar, Reykjavík



Sýlvía Rós, 10
Iconic
Mistake

Vogaðar, Reykjavík



Alex, 16
Nothing else matters
Metallica

12th Glasgow, Skotland



Brynja, 12
Golden
Kpop Demon hunters

1st Cochrane, Kanada



Remy and Raymond, 14
7500 OBO
Tim McGraw

Alberta, Kanada



Song request for the scout radio?

Besta dagskráin er sjálfsprottin

The best program is spontaneous

Jóhann Malmquist, annar af dagskrárstjórum landsmóts, var spurður spjörnum úr um skátaferilinn og undirbúning landsmóts. Hann hefur verið skáti síðan 2001 þegar hann byrjaði ásamt öllum vinahópnum sínum eftir kynningu í skólanum. Hann var sjálfur þátttakandi á landsmóti á Hömrum 2008 og segir að mótið hafi verið frábært eins og landsmótin eru alltaf. Uppáhalds staðurinn hans á Hömrum er útsýnið af klettunum yfir svæðið.



Hvaða dagskrá mælir þú helst með?

Ég mæli með að prófa sem flest og vera dugleg að kynnst öðrum á meðan dagskrá stendur. Besta dagskráin eru verkefni sem þátttakendur finna upp á sjálf, í tjaldbúð eða skipulagðri dagskrá.

Hvaða dagskrárlið fannst þér skemmtilegast að skipuleggja?

Göngudagskrána. Ferðir, sérstaklega gönguferðir, er það skemmtilegasta sem ég geri í skátastarfi.

Hvað er best geymda leyndarmál Landsmóts?

Fyrir mig er það að heimsækja nýja og gamla vini.

Að lokum segir Jóhann; "Verið dugleg að kynnst fólki, hlúið að tjaldbúðinni ykkar og virðið náttúruna."

Jóhann Malmquist, one of two program directors, was asked a few questions about his scouting career and the preparation of the Jamboree. He has been a scout since 2001 when he started along with his entire friendgroup after a presentation at school. He himself was a participant in the national Jamboree at Hamrar 2008 and says that the Jamboree was amazing, just like all Jamborees. His favorite place in Hamrar is the view from the cliffs over the site.

Which program do you especially recommend?

I encourage you to try out as many activities as possible and meet new people during the program. The best program is the spontaneous things the scouts decide to do in the campsites and within the program.

Which part of the program did you most enjoy planning?

The hikes. Trips, especially hiking trips, they are my favourite scouting activity.

What is the Jamboree's best kept secret?

For me it's visiting new and old friends.

Finally, Jóhann says; "Actively get to know people, take care of your campsite and respect nature."

Viltu býtta?




1. Þolinmæði er lykillinn. Því fleiri sem þú talar við því flottari merki finnurðu.
2. Ekki vera hrædd við að segja nei og ekki þrýsta á fólk sem vill ekki skipta.
3. Hafið gaman! Þetta snýst allt um það að safna góðum minningum.
4. Skáti er heiðarlegur. Ekki svindla vísvitandi á öðrum.
5. Prófaðu að prúttu. Sum merki eru meira virði en önnur.
6. Virði merkja er persónubundið. Sagan bak við merkið getur skipt máli.
7. Þátttakendur skipta merkjum við aðra þátttakendur og 18+ skipta sín á milli.

Wanna trade?



1. Patience is the key. The more people you talk to the cooler badges you will find.
2. Don't be afraid to say no, and don't push on people that don't want to trade.
3. Have fun! It's all about gaining good memories.
4. A scout is honorable. Don't scam.
5. Try bargaining. Some badges have more value than others.
6. The value of badges depends on the person. The story behind it often matters.
7. Participants trade with other participants and 18+ trade with each other.



Stjörnuspá 23.-24. júlí



Horoscope 23-24th of July

Hrútur - Aries

21. mars - 19. apríl

Þú finnur lausn á vandamáli
You will find a solution to a problem

Naut - Taurus

20. apríl - 20. maí

Grænn er happaliturinn þinn
Green is your lucky colour

Tvíburar - Gemini

21. maí - 20. júní

Verið þið fljót að hugsa í dag!
Think fast today!

Krabbi - Cancer

21. júní - 22. júlí

Þú finnur happagripinn í Skátabúðinni
You will find your charm of luck in the Scout store!

Ljón - Leo

23. júlí - 22. ág

Þú kynnist einhverjum frá Kanada
You will meet someone new from Canada

Meyja - Virgo

23. ágúst - 22. sept

Hárburstinn kemur þér langt
Your hairbrush will get you far

Vog - Libra

23. sept - 22. okt

Gleymdu ekki gleðinni!
Don't forget the joyfulness

Sporðdreki - Scorpio

23. okt - 21. nóv

Vatnasafarið kallar á þig!
The water safari is calling to you!

Bogmaður - Sagittarius

22. nóv - 21. des

Þú finnur köllun þína
You will find your calling

Steingeit - Capricorn

22. des - 19. jan

Treystu því að allt verði í lagi
Trust is your keyword

Vatnsberi - Aquarius

20. jan - 18. feb

Hjálpsemi mun koma sér vel
Helpfulness will lead your way

Fiskar - Pisces

19. feb - 20. mars

Þú finnur hamingjuna í vindinum
You will find happiness in the wind



Innsending! Submission!

Sigurflokkur póstaleikskeppni Norðurslóðar fyrir þriðjudag og miðvikudag er: Sourcing geese frá Kanada Cochrane Alberta!! Flokkurinn er á sínu fyrsta alþjóðlega skátamóti og er að fíla Akureyri!
The winning troupe in the due north scavenger hunt for Tuesday and Wednesday are: Sourcing geese from Canada Cochrane Alberta!! The troupe is at their first international scout event and they are liking Akureyri!



Spádómasúpan

Fortune soup

Fyrstu 3 orðin sem þú finnur munu einkenna daginn þinn!
The first 3 words you find will define your day!

J H V C M Ý A D V E N T U R E R E R Þ U C E
L J V O H K I N D E P E N D E N C E H Q
Þ Á C O Y A S J Á L F S T Æ Ð I Q Q A Þ
Q L O P E N L R Á R C U K H U M O R O T
S P H E P F H E L P F U L N E S S L S R
A S U R Ú H Ú M O R N Á T T Ú R A A Ð U
M E G A Æ X Y G Ð Q Ý U J F Þ A Ó Ú P S
V M R T R A U S T K Y J O P G L E Ð I T
E I E I Ó R E I Ð A G M Y V I N Á T T A
R Þ K O R E S P O N S I B I L I T Y V Y
A O K N A T U R E S W Ý Ó C O U R A G E
F R I E N D S H I P Æ V I N T Ý R I Ú X
J V Ð E N D U R A N C E Á B Y R G Ð I Þ
T O G E T H E R N E S Þ S A M V I N N A

HVERNIG ER VEDRIÐ Í DAG? HOW IS THE WEATHER?



09 ☁ 14°C

12 ☁ 14°C

15 ☀ 18°C

18 ☀ 18°C

21 ☀ 15°C

Vindgangur í dag!
It's windy today!

